

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar á fasteignum, skipum og lausafé landsmanna, sem ekki er tryggt gegn tjóni af völdum ófriðar eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist Ófriðartryggingin.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Stofnunin starfar í fjórum deildum, fasteignadeild, skipadeild, véla- og tækjadeild og lausafjártryggingadeild.

3. gr.

Á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, III. kafli, er nefnist skipatryggingin, 12.—16. gr., sem segir í þessari grein, og breytist kaflatalan og greinatala laganna samkvæmt því.

- a. (12. gr.) Skýlt er að tryggja hjá Ófriðartryggingunni öll íslensk skip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og flutninga hér við land í þágu innlendra aðila, önnur en strandferðaskip ríkisins. Eigendur og umráðamenn þeirra skipa, sem ekki eru tryggð samkv. lögum nr. 32 11. júní 1942, skulu senda Ófriðartryggingunni tilkynningu um þau, þegar er hún tekur til starfa.
- b. (13. gr.) Skip skal ófriðartryggja fyrir sömu fjárhæð og þau eru váttryggð fyrir hjá vélbátaábyrgðarfélagi. Nú er skip ekki váttryggt hjá vélbátaábyrgðarfélagi, og skal það þá metið af trúnaðarmönnum Ófriðartryggingarinnar, sem eru hinir sömu og trúnaðarmenn vélbátaábyrgðarfélaganna, hver á sínu svæði, eftir því sem við getur átt. Upphæð tryggingar fer eftir sömu reglum og hjá vélbátaábyrgðarfélagunum. Stjórn Ófriðartryggingarinnar hefur sams konar rétt til yfirmats og endurmats og stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum hefur samkvæmt l. nr. 32 frá 1942.
- c. (14. gr.) Vélbátaábyrgðarfélagum er skýlt að hafa á hendi innheimtu iðgjalda, hverju á sínu tryggingarsvæði, undir umsjón Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Iðgjaldið getur numið allt að 1% á ári, frá því að Ófriðartryggingin tekur til starfa, en þó ekki yfir 4% af tryggingarfjárhæðinni, nema sérstaklega verði ákveðið með lögum.
- d. (15. gr.) Ráðuneytið ákveður þóknun til vélbátaábyrgðarfélaganna fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.
- e. (16. gr.) Um bætur fyrir tjón á skipum fer eftir sömu reglum og um bætur fyrir sjótjón samkvæmt l. nr. 32 frá 1942, um váttrygging vélbáta. Skal ríkissjóður leggja fram fé til hótanna, og endurgreiðist það af iðgjöldum, eftir því sem þau hrökkva til. Að öðru leyti gilda ákvæði fasteignatrygginga, sbr. II. kafla laga þessara, að svo miklu leyti sem við á.

4. gr.

Í 17. gr. laganna, sem verður 22. gr., komi orðin IV. kafli, 23. gr. og 34. gr. í stað „III. kafli“, „18. gr.“ og „28. gr.“.

5. gr.

Í 18. gr. laganna, sem verður 23. gr., komi orðin 22. gr. í stað „17. gr.“.

6. gr.

Í 20. gr. laganna, sem verður 25. gr., komi orðin 24. gr. í stað „19. gr.“.

7. gr.

Í 21. gr. laganna, sem verður 26. gr., komi orðin 24. gr. í stað „19. gr.“.

8. gr.

Í 22. gr. laganna, sem verður 27. gr., komi orðin 36. gr. í stað „31. gr.“.

9. gr.

Í 25. gr. laganna, sem verður 30. gr., komi orðin 17. gr. í stað „12. gr.“.

10. gr.

Í 30. gr. laganna, sem verður 35. gr., komi orðin II.—IV. kafla á tveim stöðum fyrir „II. og III. kafla“, og á eftir orðunum „16. gr.“ í þriðju mgr. sömu greinar komi: og 21. gr.

Enn fremur í 4. mgr. sömu greinar komi orðin V. kafla í stað orðanna „IV. kafla“ og orðin 24. gr. og 22. gr. í stað „18. gr.“ og „17. gr.“.

11. gr.

Í 31. gr. laganna, sem verður 36. gr., komi orðin V. kafla í stað „IV. kafla“.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þá er þau hafa öðlzt staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar, og gefa þau út að nýju svo breytt.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Nánari ákvæði um, hvað telja skuli alvarlega, langvinna sjúkdóma, skal ráðherra setja með reglugerð.